


Breytingartillaga á lagagrein 10 á lögum Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra lagt fram á landsfundi landssambandsins 30. apríl 2022.

## 10. grein

### Landsfundur – fulltrúar

- a. Landsfund Sjálfsbjargar sitja fulltrúar aðildarfélaganna, sem kosnir eru á lögmætum félagsfundi. Hvert félag hefur rétt til að kjósa einn landsfundarfulltrúa fyrir hverja 40 féлага eða brot af 40. Þó hafa félög, sem í eru 40 félagar eða færri, rétt til að kjósa 2 fulltrúa á landsfundinn. Kosning fulltrúa fari fram eftir félagatali frá 1. janúar ár hvert.
- b. Kosning fulltrúa og varafultrúa á landsfund Sjálfsbjargar skal fara fram á félagsfundi aðildarfélags, skriflega og vera bundin við uppástungur. Fundurinn skal vera sannanlega boðaður með a.m.k. þriggja sólarhringa fyrirvara og skal kosninganna getið í fundarboði. Hver fulltrúi skal á landsfundi Sjálfsbjargar framvísa kjörbréfi undirrituðu af formanni og ritara aðildarfélags. Niðurstöðu kosningar fulltrúa aðildarfélags á landsfund Sjálfsbjargar skal tilkynna stjórn Sjálfsbjargar eigi síðar en 4 vikum fyrir landsfund Sjálfsbjargar.
- c. Á landsfundi situr sitjandi stjórn í umboði landsfundar.

**Rökstuðningur:** Ef breyting á þrettánda grein laga Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra verður samþykkt þá er eðlilegt að sitjandi stjórn sitji í umboði landsfundar á landsfundi en taki ekki frá pláss fulltrúa frá sínu aðildarfélagi og sitji þar með í umboði viðkomandi aðildarfélags. Þegar talað er um sitjandi stjórn þá er átt við að ef kosinn varamaður tekur sæti í stjórninni í forföllum aðalmanns þá tekur varamaðurinn sæti hans á landsfundi að öðrum kosti þá fá varamenn ekki sæti á landsfundi nema í umboði síns aðildarfélags.

  
Flutningsmaður

  
Stuðningsmaður

Útskýringar á lituðum og vfirstrikuðum texta:  
Rauður texti er nýr texti.